

Lagamálið: tæki valds og réttlætis¹

Erindi á málþingi um málfar í opinberum skjölum sem Íslensk málstöð efndi til 29. september 2001. Auk Hjördísar fluttu þar erindi Sigrún Þorgeirsdóttir, Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis, Anton Helgi Jónsson, rithöfundur og framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Tunglsins, Svala Valdemarsdóttir, ritstjóri hjá Alþingi, og Guðrún Kvaran prófessor. Erindi Guðrúnar, Málfar í stjórnsýslu, var prentað í Málfregnum 20, bls. 25-29. –Ritstj.

„Lagaviskan er ein kunnátta, innifalin í því að vita og skilja lögin réttilega, svo maður kunni þar af að heimfæra þau upp á fyrirfallandi sakir.“

Þetta er upphafssetningin í ritinu *Tyro Juris edur Barn i Logum* „sem gefur einfalda undirvísun um þá íslensku lagavisku og nú brúkanlegan réttargangsmáta með samburði fornra og nýrra réttarbóta og fororðninga“, langur titill á lítilli bók Sveins Sölvasonar lögmanns sem var gefin út í Kaupmannahöfn 1754. Sveinn notar mjög dönskuskotið orðafar og hafði Rasmus Kristian Rask þau orð um þetta rit Sveins að það væri „eitthvað hið vesalasta, er ritað hefur verið á íslenzku“ (úr bréfi frá Rask, tilvitnun frá Þorleifi Haukssyni og Þóri Óskarssyni 1994:349). Sveinn réttlætir dönskunotkun sína í formála bókarinnar með því að hin gömlu gullalदारorð séu komin úr móð og þar sem lögin séu frá dönskum komin skiljist réttvísin ekki nema upp á dönsku – þó til séu þeir sem hangi í fornaskjunnunni og átelji hann fyrir „barbarismos in lingua patria“ (Sveinn Sölvason 1754:b2, tilvitnun frá Kjartani G. Ottóssyni 1990:33). Þarna tókust á ólík sjónarmið hreintungu- og nýyrðastefnunnar annars vegar og hins vegar alþjóðlegrar fræðslustefnu upplýsingartímans (Kjartan G. Ottósson 1990:32-35). Deila af þessu tagi hefur fylgt okkar samfélagi og öðrum frá kynslóð til kynslóðar. Nýlega var til dæmis útvarpsspjall við tvo unga heimspekinga sem töldu það standa fræðilegri umræðu á íslensku fyrir þrífum að taka ekki inn í málið orð eins og *subjektífur* og *objektífur*. Aðrir segja að öllu *megi* og *eigi* að finna orð á íslensku og vitna í Einar Benediktsson að „orð er á Íslandi til um allt, sem er hugsað á jörðu“ (Þorsteinn Gylfason 1973:134).

Tungutak lögfræðinnar hefur vissa sérstöðu þegar undanskilin er fræðileg umræða. Hún felst í þeirri staðreynd að verksemi og tilgangur lögfræðinnar lýtur að skipulagi samfélagsins annars vegar og réttarstöðu fólksins í samfélaginu hins vegar. Ef lögin eru góð og menn hamingjusamir er samfélagið gott, sögðu Grikkirnir til forna. Lögin eru bæði valdboð og leiðbeiningar sem sett eru fram með orðum og setningum og í víðari merkingu eru þau einnig niðurstöður stjórnvalda og dómstóla um það hvað reglurnar segja og hvernig þeim er beitt. Þetta er gert með rökstuðningi þar sem verkfærin eru líka orð og setningar. Tungutak lögfræðinnar er því bæði tæki valds og réttlætis.

Umræða um orðfæri laganna hefur ekki verið mikil hér á landi en talsverð í engilsaxneskum löndum og einnig nokkur á Norðurlöndum. Hjá okkur hefur þessi umræða aðallega snúist um það fyrir hverja dómar eigi að vera skrifaðir; fyrir

³Ég þakka Þorleifi Haukssyni yfirlestur fyrir birtingu og góðar ábendingar.

almenning, aðila að dómsmáli eða lögmenn þeirra og aðra lögfróða. En einnig hefur verið fjallað um einkenni þess sem mætti kalla *lagamál*, bæði orðtak og stíl.²

Í upphafi voru lög einföld og auðlærð og ekki umfangsmikil ef þau voru skráð á annað borð, til dæmis komust lög babýlonska konungsins Hammu-rabis á eina steinsúlu. Í hinni miklu málsögu sinni, *Det danske sprogs historie*,³ telur Peter Skautrup líklegt að lagamálið hafi í upphafi tengst náíð talmálinu, verið mál framsögu, hlaðið minnum úr talmálinu (Skautrup 1944:278-284). Áður en farið var að rita lögin hafi þau varðveist eins og sögur og vísur í minni manna og það sama eigi við fyrstu aldirnar eftir að ritun hefst. Rím og háttbundið hljóðfall hafi verið notað til að auðvelt væri að muna lagatextann.⁴ Réttarreglurnar hafi þó verið formfastari en aðrar frásagnir. Þetta hafi verið nauðsynlegt vegna efnis þeirra og tilgangs og til þess að gæta mætti nákvæmni og skýrleika. Þegar í hinum elstu textum er setningaskipunin önnur í lagamálinu en í talmálinu. Mikil notkun aukasetninga verður einnig strax áberandi og samhengi þeirra og samsetning er ekki alltaf skýrt mörkuð eða rökrétt. Skautrup hallast að því að ýmis skringilegheit í setningaskipan lagamálsins séu komin til vegna latneskra áhrifa (Skautrup 1944:282).

Enn eitt einkenni lagamáls sem má rekja allt aftur til þessa tíma er tátólógía eða tvítekningar eins og til dæmis *bót og betrún, lög og réttur, spott og spé, máttur og megin*. Hér er alls ekki um alvont stílbragð að ræða og má halda því fram að það gæði málið fegurð, eins og hljóðfallið, ef því er hóflega beitt. Á hinn bóginn má spyrja hver tilgangur laganna sé. Eiga þau að vera fallegur texti eða skýr skilaboð? Að fornu þurfti að vera auðvelt að muna þau, án stuðnings ritaðs texta, og þá gat tvítekning hjálpað. Í nútímasamfélagi hraða og endalauss áreitis, sem stjórnast frekar af magni upplýsinga en minnisgeymd, er orðfæð, gagnsæi og skýrleiki ritaðs máls mikilvægt hjálpartæki.

Samkvæmt Peter Skautrup gætti ólíkra áhrifa á þróun laganna á Norðurlöndunum. Á Íslandi og í Noregi áhrifa frá Englandi í vestri, en í Danmörku og Svíþjóð sunnan að. Telur hann að þetta kunni að skýra það að lagaritun byrjaði heldur seinna í Danmörku. Þegar frá líður er hins vegar ljóst að áhrif frá Danmörku verða ríkjandi á Íslandi (Skautrup 1944:207). Lög eru það fyrsta sem skráð er á Norðurlöndum, hér Hafliðaskrá 1117-1118, í Danmörku voru það Jósku lög 1241, rúmum hundrað árum seinna. Þau hefjast á orðum sem við þekkjum vel, „Með lögum skal land byggja“. Hin tæru boð þessara orða eru víðs fjarri því tungutaki sem við nú köllum almennt lagamál.

Þróun opinbers málfars helst í hendur við aukin umsvif ríkisvalds og kirkju. Áhrif latínunnar voru talsverð á orðfæri embættismanna, klerka og fróðleiksmanna en hafa trúlega verið mun meiri í Danmörku en hér því fyrstu ríkislögin voru þar á latínu þó oftast fylgdi einnig dönsk þýðing (Skautrup 1944:213). Framan af voru einnig

²Einkenni lagamáls eru m.a. talin fyrningar, erlend orð, mikil notkun miðmyndar, nafnorðastíls, skilyrðissetninga og annarra aukasetninga sem gjarnan geyma alls kyns undantekningar frá aðalreglunni. Thomas Jefferson, sem var samtímamaður Sveins Sölvasonar, gagnrýndi til dæmis málfar á löggjöf síns tíma harðlega sem málæði og fyrir endurtekningar, flækjur og óskýrleika (Jefferson 1905, tilvitnun frá Mellinkoff 1978:253).

³Skautrup fjallar í I. bindi um eldri miðaldir (1100-1350). Reyndar segir hann lítið vera vitað um talmálið á þeim tíma.

⁴Annað atriði, sem í upphafi vitni um áhrif talmáls, telur Peter Skautrup vera áberandi notkun fornafna, til dæmis „hann sem kærir“, „sá sem verður fyrir sök“. Um sum þeirra atriða, sem hér hafa verið nefnd, eru deildar meiningar meðal fræðimanna. Chris Sanders, fræðimaður við Árnastofnun í Kaupmannahöfn, er til dæmis tortrygginn á hugmyndina um að lagamál hafi verið rímað og með háttbundnu hljóðfalli og telur hana upprunna í þýsku rómantíkinni hjá Grimm. Þetta kom fram í samtali sem við áttum fyrir nokkrum árum.

konungsbréf og aðrar opinberar tilkynningar á latínu, sem og milliríkjasamskipti. Það verður til opinber stíll sem greina má annars vegar í löggerninga og annað lögfræðilegt efni og hins vegar í bréf. Málfar á löggerningum ber ekki sterk einkenni erlendra áhrifa og þakkar Skautrup það formfestu þeirra en sama verði ekki sagt um opinber bréf og frá þeim geira þróast síðan kansallístíllinn sem við þekkjum vel (*Det danske sprogs historie II*⁵, Skautrup 1947:64-73).

Einkenni kansallístílsins eru langar setningakeðjur með fjölda aukasetninga sem hver rekur aðra þar sem allt er tínt til sem hugsanlega kann að koma málinu við og efnið margendurtekið með hliðstæðu orðalagi, væntanlega í þeim tilgangi að tryggja að innihaldið komist örugglega til skila. Viðtengingarháttur var áberandi og hrúgað saman setningahlutum þegar lýst var mönnum og málefnum. Það voru ekki Jón Jónsson og Páll Pálsson sem deildu heldur háæruverðugur Jón Jónsson, stórbóndi, elskulegur eiginmaður og þjónn og hæstmektugur Páll sem hafði álíka margt sér til ágætis (Skautrup 1947:71-72, dæmi frá 1466). Einnig var viss hátíðleiki sérkenni kansallístílsins, fyrningar og erlend orð, yfir honum var bókmálsblær frekar en talmáls. Allt kunnugleg einkenni lagamálsins.

Sænskur fræðimaður, Kurt Johannesson (1985), kveður hið opinbera málfar fyrrum hafa verið afkvæmi mælskulistarinnar en hana skilgreinir hann sem „fræðin um það sem á sér stað við tjáskipti“ (1985:15). Áhrifaríkasta leiðin til þess að ná til áhugalausra, jafnvel fjandsamlegra, áheyrenda var að breyta hinu óhlutbundna í eitthvað áþreifanlegt, hinu almenna í eitthvað einstakt og hinu óþekkta í eitthvað þekkt með því að lýsa umfjöllunarefninu á myndrænan hátt, nota líkingar, frásagnir, dæmi og dæmisögur (1985:15). Röddin og líkamstjáningin skipti líka máli. Skautrup nefnir einnig tengsl tátólógiunnar og hinnar fornu mælskulistar (1947:66-68). Allt þetta er ólíkt nútímamálflutningi þar sem áhersla er lögð á að upplýsa og rökstyðja þannig að skynsamlegt samhengi sé á milli orsaka og afleiðinga.

Kurt Johannesson kveður kynslóð eftir kynslóð presta, embættismanna og skálda í Svíþjóð á fyrri öldum hafa verið skólaðar í sömu sýn á manneskjuna, málið og samfélagið, m.a. með kennslu í mælskulist. Ríki og kirkja hafi fylgst vel með og skipt sér af öllu sem átti sér stað í samfélaginu og hið opinbera málfar hafi fyrst og fremst verið tæki til að viðhalda samlyndi og reglu og kæfa í fæðingu allar tilhneigingar til sundrunar. Allt fram á 18. öld hafi hið opinbera málfar í Svíþjóð verið valdataeki yfirstétta embættismanna og klerka þar sem þessi málnotkun hafi augljóslega verið framandi og torskilin almúganum. (Johannesson 1985:20-21.)

Gömlu íslensku lagabálkarnir í Grágás og síðar Jónsbók eru á kjarngóðri íslensku og Jónsbók var helsta réttarheimildin á Íslandi fram á 17. öld. Þegar danskir embættismenn fara að láta meira að sér kveða eykst hins vegar notkun erlendra orða í opinberum skjölum, einkum danskra, latneskra og þýskra. Má greina þessa þróun í Alþingisbókunum þótt breytileg sé eftir því hver ritar. Um miðja 18. öld er lagamálið orðið mjög dönskuskotið, samanber rit Sveins Sölvasonar, og stundum aldanskt. Dómarar voru menntaðir í Danmörku og voru jafnvel danskir og lögin meira eða minna dönsk. Enda segir Eggert Ólafsson í *Ferðabók* sinni 1772 að „öll rit, sem að málaferlum lúta, svo sem embættisbækur, málsskjöl og samningar, [séu] full af dönskum, þýskum, frönskum og latneskum orðum svo almúgamenn skilji vart helminginn“ (Kjartan G. Ottósson 1990:30, vísað er til Eggerts Ólafssonar 1772, greina 69-70). Á Suður-Jótlandi var greinilega hliðstætt ástand á þessum tíma. Þar var lagamálið og hið opinbera mál þýskt, jafnvel kirkju- og skólamálið, en fólkið talaði

⁵ Þetta bindi fjallar um tímabilið 1350-1700. Snemma á miðöldum þróaðist sérstök starfslist, sú að kunna að setja upp og skrifa lögfræðilegt eða opinbert skjal og nefndist *ars dictandi*. Skautrup kallar málfarið, sem kansallístíllinn þróaðist af, „den diplomatariske stil“.

dönsku. Peter Skautrup lýsir því sem *óréttlæti* að dönskumælandi þegnum Suður-Jótlands var stjórnað á þýsku (*Det danske sprogs historie III* ⁶, Skautrup 1953:124, sjá einnig Skautrup 1947:163-166).

En þá, þegar verst lét hér á Íslandi, fór þróunin að snúast við með þjóðernisvakningu upplýsingarinnar og afnámi einveldisins. Að því er lagamálið varðar áttu þar stóran hlut að máli Páll Vídalín lögmaður og Magnús Stephensen dómstjóri. Við Landsyfirréttinn, sem tók til starfa árið 1800, var þingmálið íslenska en Hæstiréttur landsins var þó áfram danskur fram til 1920. Þessi þróun heldur áfram með baráttu Jóns Sigurðssonar fyrir því að störfín á þjóðþinginu færu fram á íslensku (sjá Pál E. Ólason 1930:316 o.áfr., um bænarskrár o.fl.).

Í Svíþjóð urðu einnig straumhvörf á 18. öld í hinu opinbera málfari. Þá fóru rithöfundar, vísindamenn og alþýðufræðarar að gagnrýna hina klassísku mælskulist jafnframt því sem öll umfjöllun í samfélaginu jókst og „almenningsálitið“ náði að skipa sér sess sem hin ókrýnda drottning þjóðlífsins (Johannesson 1985:21).

Þó að margt fleira komi til virðist mér augljóst að málnotkun valdhafa hafi stuðlað að því á þessum tíma að bæla þjóðina og valda firringu gagnvart lögum og réttarkerfi, sem e.t.v. eimir enn eftir af. Tungutak laganna hefur fyrrum, hér sem annars staðar, verið raunverulegt valdtæki í sömu merkingu og Kurt Johannesson (1985) talar um. En hvernig háttar þessu í nútímanum? Samkvæmt vissum kenningum í réttarheimspeki eru lögin skilgreind m.a. sem *vald*.⁷ Hvort sem við föllumst á þá skilgreiningu eða ekki þá er ljóst að lög og dómar eru valdtæki í sjálfu sér. Dómstóll getur til dæmis gert manni og konu að greiða skuld og skaðabætur og að sæta fangelsisrefsingu – allt samkvæmt leikreglum laganna. Vald laganna kemur einnig fram í ýmsum hömlum sem lög setja á frelsi. Og ríkisvaldið hefur eitt lögbundna heimild til þess að beita valdi. Þar sem orð og setningar eru vinnutól laganna virðist því ljóst að tungutak laganna er valdtæki en beiting þess hefur breyst með lýðræðislegum þjóðfélagsháttum og vaxandi virðingu fyrir réttindum þegnanna. Framkvæmd laganna verður að vera í samræmi við þessar hefðir og með orðum verður að sýna að svo sé.

Ég tel að lagamálið skapi ekki eins mikil vandræði hér hjá okkur og víða annars staðar, sérstaklega í engilsaxneskum löndum. Víða hafa verið sett lög eða tilskipanir um að skjöl, sem varða réttarstöðu almennings, skuli skrifuð á einföldu og skýru máli. Svíar og Danir hafa unnið markvisst að því að einfalda hið opinbera málfar og gera það skýrara. Að slíku mætti huga hér því þó ég segi að staðan hjá okkur sé betri en víða er ekki þar með sagt að hún sé algóð. Við lögfræðingar erum að mörgu leyti föst í gömlum hefðum og hættr ósjálfrátt til að fyrna mál okkar og skrifa langar og stundum óskýrar setningar. Kansallístíllinn er mörgum lögfræðingi enn hjartfólginn og einnig svonefndur júrídískur þankagangur. Hef ég grun um að misskilningur á merkingu þessa hugtaks hafi á stundum átt sök á því að ekki var gætt að skýrri og markvissri framsetningu á rökstuðningi í lögfræðilegum skrifum. Einnig eru ýmsir lagatextar óþarflega snúnir og mætti gera þá aðgengilegri með skýrara orðafari og setningaskipan.

En hvernig eiga lögfræðingar annars að meta stöðuna? Get ég ráðið af því hversu oft ég fæ svarið „Ha, hvað?“ í dómsalnum hvort ég tjái mig þannig að viðstaddir skilji? Undanfarin ár hef ég einkum unnið við sakamál. *Sakamál* er gott orð, er það ekki? Eða þarf ég að segja *glæpamál* til að unglingurinn í Austurstræti

⁶ Þetta bindi fjallar um tímabilið 1700 til 1870.

⁷ Hér er sérstaklega vísað til löggjafarhyggjunnar (legal positivism, oft þýtt vildarréttur) sem enski heimspekingurinn John Austin hefur verið kallaður „faðir“ að, sjá t.d. Austin (1873). Kenningin er einnig rakin til læriföður Johns Austins, Jeremys Bentham, og jafnvel til Thomas Hobbes.

skilji mig? Í „fyrirkallinu“ sem unglingurinn fær stendur að mál nr. 10 verði „þingfest“ mánudaginn 1. október nk. kl. 14.00. Það er nánast öruggt að Austurstrætisunglingurinn skilur ekki orðið „þingfest“ – þannig að þegar hann hringir og spyr hvaða „steypa“ sé í gangi, hann hafi fengið bréf, segi ég að hann hafi verið „ákærður“ og málið byrji á þeim tíma sem bréfið segir. Ekki er víst að hann skilji orðið *ákærður*. Þegar hann mætir tilgreindan dag þingfesti ég málið með því að leggja fram skjölin og þingmerkja þau. Síðan segi ég: „Þá vil ég biðja sækjandann að gera grein fyrir ákærinni.“ „Ha, hvað?“ segir strákurinn svo ég útskýri að lögmaður lögreglunnar, ákærvaldið, segi að hann hafi slegið Jón og brotið í honum tönn. Þegar sækjandinn er búinn að lesa ákærna segi ég við ákærða að hann sé kominn fyrir dóminn til þess að svara til saka en áður en hann geri það þá bendi ég á að honum sé ekki skylt að tjá sig um meinta refsiverða háttsemi sína en ef hann tjái sig brýni ég fyrir honum að skýra rétt frá. Spurningarsvipur kemur á strákinn. „Þú ÞARFT ekki að svara en átt ekki að segja ÓSATT,“ segi ég þá. Þetta var nú bara dálítil innsýn í daglega lífið á dómstólunum. Nú er mér ekki ljóst hvort nokkrum hér þykir framandi þetta tungutak sem strákurinn hváir við og sjálfri er mér það jafn-tamt og að tala um hafragraut og slátur.⁸ Hitt er ljóst að flestir, sem koma fyrir dómstóla, aðilar eða vitni, gera það bara einu sinni á ævinni og við vitum að það er talsverð áreynsla að koma inn í dómsal og þurfa að svara spurningum og það eykur á þessa áreynslu ef orðafarið, sem er notað, er framandi. Þar sem markmiðið er að fá fram réttar upplýsingar er það sjálfsagt sálfræðilega vænlegra til árangurs að nota orðalag sem er strax auðskiljanlegt. Á hinn bóginn vilja ýmsir að dómssvaldið birtist í dálítið hátíðlegu andrúmslofti í réttarsalnum og finnst því að dómari eigi ekki að nota tungutak götunnar. Í þessu sambandi er hins vegar líka rétt að hafa í huga að dómssvaldið er raunverulegt vald og oft orlagavaldur og orðafarið getur í dag eins og fyrrum skipt máli um hvernig þetta vald birtist og jafnvel um það hvernig hægt er að verjast því.

Ýmsar erlendar rannsóknir hafa sýnt að það léttir og flýtir vinnu við dómstóla ef lögmenn tjá sig með almennum og skýrum orðfæri í stað hefðbundins lagamáls. Þeim mun heldur ætti það að auðvelda almenningi að skilja rétt sinn og sækja hann. En þurfa aðrir en *lögfræðingar* að skilja slíkar deilur og niðurstöður þeirra sem birtast í dómum? Geta þeir ekki bara skýrt málið fyrir skjólstæðingum sínum? Um þetta er líka deilt. Það hefur verið mitt sjónarmið að réttlæti sé ekki fullnægt nema Bjartur og Björt, hinn sæmilega upplýsti leikmaður, geti skilið bæði lögin sem honum og henni er gert að fylgja og niðurstöður dóma. En það getur verið hægara sagt en gert að skipa orðum sínum með þeim hætti að inntakið skiljist fljótt og vel. Það eru því ekki síður aðrir en lögfræðingar sem þurfa að skipa sveit útvarða hins tæra lagamáls svo okkur lögfræðingunum megi takast með hjálp þeirra og ábendingum að gera réttlætið sýnilegt og forðast viðjar vanans ef þær leiða til óskýrleika.

Það er grundvallarregla að birta eigi lög fyrir almenningi og dóma fyrir aðilum máls. Og þá er rétt að spyrja hvað sé fullnægjandi birting. Samkvæmt lögum er svarið skýrt. Lög eru birt þegar þau hafa verið gefin út í Stjórnartíðindum og dómur er birtir þegar dómsorð hefur verið lesið í dómi og endurrit afhent dómþola. Hugsunin að baki þessara fyrirmæla er sú að réttlætis sé gætt með því að koma þessum upplýsingum til vitundar fólks. Með tilkomu veraldarvefsins hefur orðið breyting til batnaðar hvað varðar aðgengi almennings að lögum og dómum. En er birtingin í raun fullnægjandi ef innihaldið er lítt skiljanlegt, hefur þá réttlætinu verið fullnægt í raun? Er það nægilegt að hægt sé að finna torskilda lagatexta í Stjórnartíðindum og á Netinu eða hafa í höndunum dóm sem er lögfræðilega réttur og samviskusamlega unninn ef menn skilja

⁸ Áheyrandi benti á að „hafragrautur og slátur“ væri stráknum sjálfsagt álíka framandi og tungutakið.

Það ekki hvernig niðurstaðan er fengin? Víst er að slíkt er ekki til þess fallið að treysta réttarvitundina í samfélaginu. Þar eiga við orð Jónasar frá Hrafnagili (1961:378) í öðru samhengi, að það „kæfir oft áhrifin af því, sem á að segja“ (tilvitnun frá Þorsteini Gylfasyni 1973:138).

Heimildir

- Austin, John. 1873. *Lectures on Jurisprudence or The Philosophy of Positive Law*. London. (4. útg. endurskoðuð af Robert Campbell.)
- Eggert Ólafsson. 1772. *Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Bjarne Povelsens Reise igiennem Island 1-2*. Sórey.
- Jefferson, Thomas. 1905. *The Writings of Thomas Jefferson*. Ritstj. Lipscomb.
- Johannesson, Kurt. 1985. Bildens Makt och Röstens. *Tvärsnitt* 2:14-22.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili. 1961. *Íslenskir þjóðhættir*. Reykjavík.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Reykjavík.
- Mellinkoff, David. 1978. *The Language of the Law*. 2. útg. Boston.
- Páll E. Ólason. 1930. *Jón Sigurðsson II*. Reykjavík.
- Skautrup, Peter. 1944. *Det danske sprogs historie I*. Kaupmannahöfn.
- Skautrup, Peter. 1947. *Det danske sprogs historie II*. Kaupmannahöfn.
- Skautrup, Peter. 1953. *Det danske sprogs historie III*. Kaupmannahöfn.
- Sveinn Sölvason. 1754. *Tyro Juris edur Barn í Lögum...* Kaupmannahöfn.
- Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfraði*. Reykjavík.
- Þorsteinn Gylfason. 1973. Að hugsa á íslenzku. *Skírnir* 147:129-158.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.